



Framvinduskýrsla 3

21.8.2013

Skýrsla skrifuð af Steingerði Hreinsdóttir –fyrir tímabilið maí- ágúst 2013

Jóna Björk Jónsdóttir hóf störf hjá jarðvanginum 1. júní sl. Hún datt beint í það að vinna með Rannveigu Ólafsdóttur að fræðandi texta fyrir skilti sem verið er að setja upp og hafa verið sett upp á tímabilinu. Þess fyrir utan hefur hennar aðal starf falist í því að útbúa námskeiðsröð fyrir komandi vetur en þá stendur jarðvangurinn fyrir 250 tíma fræðsluröð fyrir íbúa jarðvangsins. Meðfylgjandi er kynning á námskeiðsröðinni.

Í vetur mun Katla jarðvangur standa fyrir fjölbreyttum námskeiðum og eru íbúar jarðvangsins og aðrir hvattir til að mæta. Verðinu á námskeiðunum verður stillt í hóf auk þess sem afsláttur verður veittur þeim sem sækja fleiri en þrjú námskeið í námskeiðaröðinni. Námskeiðin verða flest haldin í fjarfundarbúnaði en nokkur þeirra krefjast þess að þátttakendur mæti saman á einn stað og verður það á ýmsum stöðum innan jarðvangsins. Fyrsta námskeiðið var haldið í lok ágúst um ræktun og nýtingu villtra og hálfvilltra plantna í jarðvanginum og var það Hildur Hákonardóttir sem sá um það námskeið.

Margvísleg námskeið verða í boði í vetur en á haustönninni verða kennd eftirfarandi:

Vöruhönnun og framsetning – þróun minjagripa.

Ingunn Jónsdóttir vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands fer í hönnunarferli, framsetningu hönnunar, gefur góð ráð og fleira.

21 september verður kennsla í fjarfundarbúnaði frá 10 til 13:30, sent út frá Selfossi til Hvolsvallar, Víkur og Kirkjubæjarklausturs

5 október mæta þátttakendur til Hvolsvallar frá 10 til 13:30 og hafa í farteskinu hugmyndir sínar og hönnun, spá í útfærslur, fá ráðleggingar um framhaldið og fleira.

Öryggi í óbyggðum

South Iceland Adventure og Björgunarsveitin Dagrenning standa sameiginlega að námskeiðinu þar sem farið verður í rötun, GPS, kortalestur og útbúnað. Námskeiðið verður í fjarfundarbúnaði og ein verkleg æfing við Hvolsvelli.

Haldið í október, 12 til 18 stundir.

Staðarleiðarsögn á jarðvangi I.

Sameiginlegt námskeið Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands um jarðminjar, samspil manns og náttúru og útivist í Kötlu jarðvangi. Markmið námskeiðsins er að gera heimamenn færari um að taka að sér leiðsögn í jarðvanginum. Námskeiðið var áður í boði á vormisseri 2011 og fékk það mjög góðar viðtökur þátttakenda.

Haldið í október og nóvember, alls 36 stundir, ýmist í fjarfundarbúnaði eða í staðarnámi.

Norðurljós

Snævarr Guðmundsson náttúruvandfræðingur og sérfræðingur á Náttúrustofu Suðausturlands fjallar um norðurljós og tilurð þeirra, sögulega norðurljósaatburði, fornar tilgátur um norðurljós, samspil sólar og sólvindsins við segulsvið jarðar, tíðni norðurljósa og tengsl við virkni sólar. Loks verður farið í nokkur gagnleg atriði varðandi norðurljósaástand.

Námskeiðið verður í fjarfundarbúnaði tvö kvöld í nóvember, alls 4 stundir.

Veðurfræði í Kötlu jarðvangi

Kristín Hermannsdóttir veðurfræðingur og forstöðumaður á Náttúrustofu Suðausturlands fjallar um staðbundið veður á svæðinu, ný og gömul veðurmet og fleira.

Námskeiðið verður sent út í fjarfundarbúnaði og sent út frá Kirkjubæjarklaustri eitt kvöld í lok nóvember, alls 2 -3 stundir.

Aðventa á Skógasafni

Starfsmenn Skógasafns taka á móti þátttakendum og fara í gamla jólasíði, jólasögur, jólamat og fleira sem tengist jólunum.

Staðarnám 8. des (2. sunnudagur í aðventu) í Skógum.

Íslenskar sagnir og þjóðtrúarhefð

Júlíana Þóra Magnúsdóttir þjóðfræðingur og doktorsnemi í sagnamenningu og þjóðtrú fer í grunn að íslenskum sögnum og þjóðtrúarhefð. Telur til elstu dæmi um sagna- og þjóðtrúarefni og tengsl við önnur lönd. Farið er í helstu efnisflokkna íslenskra þjóðsagna á 19. og 20. öld, sérkenni þeirra og tengsl. Í lokin er áherslan á svæðisbundna sagnahefð og upplýsingaöflun um hana.

Þrjú kvöld í desember í fjarfundarbúnaði, sent ýmist út frá Kirkjubæjarklaustri eða Hvolsvelli. Alls 6-8 stundir

Á vörönn verða haldin fleiri námskeið og verður þá meðal annars Staðarleiðsögn í jarðvangi II í boði en hún er hugsuð sem framhald af Staðarleiðsögn í jarðvangi I. Íbúar jarðvangsins eru hvattir til að taka þátt í námskeiðunum og jafnframt að koma með hugmyndir að námskeiðum vorannar til starfsfólks Kötlu jarðvangs.

Búið er að framleiða 25 nestisbekki fyrir jarðvanginn og koma þeim fyrir á áfangastöðunum sem við erum að byggja upp. Unnið hefur verið að uppbyggingu þeirra 15 staða sem lagt var upp með eftir stöðu- og stefnumótunarfund með ferðabjónustuaðilum í desember. Staðirnir eru:

Hjörleifshöfði:

Þarna hefur verið útbúið bílastæði, hlaðinn steinveggur með þremur upplýsingaskiltum á afmörkuðum nestisstað. Það á ennþá eftir að koma upp merkingum frá Vegagerðinni en vonandi gengur það sem fyrst ásamt merkingum Vegagerðarinnar á öðrum stöðum sem við höfum farið fram á.



Ög ef einhver þekkir ekki skiltin okkar þá líta þau svona út ..

KÖTLA GEOPARK
JARÐVANGUR

Hjörleifshöfði

6

Leiðarlýsing

Máli er með að ganga þessa leið ritháttis. Gengið upp í Bæjartafeljörðunum sunnan megin. Dagar upp er komað er sveigi til suðurs. Fyrst er gengið um svæði sem heitir Húrtabök en sunnar um svæðið á Dababöku með hettubergum heitir Svabúlið á vestrari hlið. Öðru á höfði að þetta sé leiðin sem Ingólfr Arnarson og menn hans fóru til gættar upp í bæsta hlak höfðsins. Eftir að hafa notið útsýnings og skoðað grafstein og hjörleifsléng er haldið til vesturs, niður í gáttir, þar sem Ingólfr Arnarson og jafn sveigi til norðurs frá á hlak svabúliðar Bæjartabök. Þar blasir við gamla línið ásamt bæjartabökunum þeim sem þar eru ásamt suðru sandhöfðu sunnan höfðsins. Aftan er haldið niður að hlaknum og síðan niður KÍÖ og inn með rötum Svabúliðs og inn í Bæjartabök þar sem ferlin byrjar.

Directions

It is recommended to follow this route clockwise. Ascend up out of Bæjartafeljörð Canyon on the south side. When done ascending, turn towards the south. First, walk around an area called Húrtabök, and south of that through Svabúlið, with a bottle called Svabúlið on the western side. It is not unlikely that this is the path which Ingólfr Arnarson and his men used to carry Hjörleifur up to the highest peak of the promontory for burial. After having enjoyed the view and looked around the graveyard and Hjörleif's Grave, go west. Down Hjörleifstránn Ingólfr's hair field, after the mossy grass turf, veer north onto the edge of the so-called Bæjartabök bluff. There the old field can be seen along with the two farnstead ruins and the black sea of sand south of the promontory. Continue down towards the ruins and then down KÍÖ and in towards the base of the bluff Svabúlið and finally into Bæjartabök where the trip begins.

Itineraire

Il est recommandé de marcher dans le sens des aiguilles d'une montre. On monte par Bæjartafeljörð du côté sud. Après en haut, il faut tourner vers le sud. Marcher d'abord dans un endroit nommé Húrtabök puis, plus vers le sud, nommé Svabúlið, avec les falaises Svabúlið sur la gauche. Il est possible que ce chemin soit celui que Ingólfr et ses hommes aient suivi pour transporter le corps de Hjörleifur jusqu'au sommet de Hjörleifshöfði. Après avoir profité de la vue et regardé le tombeau de Hjörleifur, on peut rejoindre vers l'ouest par Hjörleifstránn sur un sol un peu accidenté et herbeux, puis vers le nord jusqu'au début d'une descente nommée Bæjartabök. Là, on peut voir le vieux pré et les ruines de la ferme avec les sables noirs au sud de Hjörleifshöfði. Continuer vers les ruines puis descendre par KÍÖ jusqu'à Svabúlið et enfin à Bæjartabök où l'excursion a commencé.

Íslandi og merkingar geoparkskiltunn	Íslandi - geopark	merking - cultural
1. Svabúlið	11. Svabúlið	11. Svabúlið
2. Húrtabök	12. Svabúlið	12. Svabúlið
3. Svabúlið	13. Svabúlið	13. Svabúlið
4. Svabúlið	14. Svabúlið	14. Svabúlið
5. Svabúlið	15. Svabúlið	15. Svabúlið
6. Svabúlið	16. Svabúlið	16. Svabúlið
7. Svabúlið	17. Svabúlið	17. Svabúlið
8. Svabúlið	18. Svabúlið	18. Svabúlið
9. Svabúlið	19. Svabúlið	19. Svabúlið
10. Svabúlið	20. Svabúlið	20. Svabúlið

Velcomin í Kötlum jarðvang

Welcome to Katla Geopark

Víkurfjara:

Í Víkurfjöru hefur verið unnið skipulag og unnið er að frágangi við bílastæði oþh. Katla Geopark hefur unnið 3 skilti sem eru tilbúin núna og í prentun og verða sett upp á næstu dögum. Eins eru komin 2 nestisborð frá jarðvanginum.

Pétursey:

Áningarstaður Vegagerðarinnar við ána Klifandi hefur verið gerður upp og þangað eiga að koma tvö skilti sem eru í vinnslu. Samvinna hefur verið við Vegagerðina við gerð þessa staðar og m.a við upplýsingar um hegðun og nýtingu árinna í gegnum tíðina.

Reynisfjara:

Í Reynisfjöru erum við í samvinnu við landeigendur sem ákváðu að fara í uppbyggingu þjónustuhúss. Samningur var gerður við þau um uppbyggingu svæðisins og salernisaðstöðu sem þau skuldbinda sig til að sjá alfarið um og hafa opið alltaf óháð opnunartíma þjónustuhúss. Ferðamálastofa kemur einnig að uppbyggingu aðstöðunnar í kringum fjöruna, þar sem KGP kemur með skilti – m.a. með öryggisupplýsingum og fræðslu um fjöruna.

Sólheimajökull:

Unnið hefur verið að uppbyggingu bílastæðis og m.a tóku sjálfboðaliðar þátt í að merkja bílastæði og göngustíg. Göngustígur sem liggur frá ytra bílastæði yfir að jökli í hlíðinni var lagaður. Öryggismat var unnið í samvinnu við Landsbjörg – útbúin 3 skilti og farið var með tvo nestisbekki á staðinn.

Efri Hvolshellar

Við Efri Hvolshella er búið að stækka bílastæði og afmarka það. Sett upp stórt upplýsingaskilti við bílastæðið ásamt nestisborði. Við hellana sjálfa var komið fyrir tveimur minni upplýsingaskiltum og bekkjum. Fyrirhugað er að laga göngustígana og setja tröppur til að gera svæðið aðgengilegra.

Gluggafoss

Bílastæðið hefur verið stækkað og afmarkað og tvö nestisborð hafa verið sett þar á grasbala. Landeigendur vildu ekki láta merkja gönguleiðina upp fyrir fossinn þannig að unnið hefur verið að því að loka stígum og gera leiðina að fossinum afmarkaðari.

Hamragarðar/Gljúfrabúi

Við Hamragarða er búið að höggva steintröppur upp á Franskanef og setja keðjur á tvo nýja staði. Borin mól í stíga og þökulagt. Sett upp hrapskilti. Fyllt í gönguleið inn í gljúfur. Lagaðar tröppur að gljúfri og þökulagt. Þar eru einnig komin upp tvö skilti og tvö nestisborð.

Skógafoss

Unnið hefur verið heilmikið í því að loka stígum og afmarka, laga tröppur og setja upp varúðarskilti. Þarna á eftir að koma upp skiltum jarðvangsins og einnig fyrir gönguleiðina um Fimmvörðuháls – en heilmikil vinna hefur verið í gangi með Útivist og verið er að sækja um leyfi fyrir kamri uppi við Skógárvað. Um leið og niðurstaða hefur fengist í því hvort af verður – verður hægt að klára verkið og þar með tengja þessi tvö Geosites.

Þríhyrningur

Við Þríhyrning er unnið með landeigendum að því að ákveða og hanna áningarstað sem allir geta sætt sig við og markar þá upphaf gönguleiðar upp á Þríhyrning. Búið er að stika leiðina upp og í sumar var

gengið með málningu og stikurnar málaðar. Gert er ráð fyrir að setja upp göngubrú yfir Fiská – tvö nestisborð og skilti við þennan áningarstað.

Fjaðrárgljúfur

Verið er að smíða salerni og setja það upp við Fjaðrárgljúfur – heilmikil vinna hefur farið í að merkja, leggja og laga göngustíga ásamt því að loka öðrum og fylla uppi þá. Við Fjaðrárgljúfur verður vatnssalerni, skilti og tveir nestisbekkir. – búið er að stækka bílastæði og 6 sjálfboðaliðar voru við vinnu þar í júní.

Skaftáreldahraun

Vegagerðin mun vinna að stækkun og breytingu á bílastæði og KGP kemur með skilti og bekki á móti.

Við Eldvatn/Ása

Þarna eru komin upp tvö skilti og nestisbekkir en Vegagerðin er búin að stækka bílastæðið. Þarna á ennþá eftir að merkja betur uppi við veg og afmarka bílastæðið betur.

Álftaversgígar

KGP setur tvö fræðsluskilti og einn áningarbekk, gönguleið við Kúabót og Dýralækjasker stikaðar og merktar í upphafi gönguleiðar.

Fræðslustígur

Unnið er að uppbyggingu fræðslustígs í kringum Kirkjubæjarklaustur – það er upp 16 km löng leið með mörgum áhugaverðum fræðslustöðum þar sem sett verða upp lítil skilti. Mótframlag kemur m.a frá Menningarráði.

...

6 sjálfboðaliðar voru fengnir frá SEEDS sjálfboðaliðasamtökunum og unnu þeir mörg þörf handtök í Skaftárhreppi.

Gönguleiðakort: Þrjú gönguleiðakort eru svo til tilbúin og verið er að leggja lokahönd á útlitshönnun. Eiríkur hjá Kötlusetri hefur leitt vinnuna við gerð göngukortanna sem ná yfir nágrenni byggðakjarnanna þriggja.

Fjórða gönguleiðarkortið sem átti að gera liggur á ís þar til loka kostnaðartölur liggja fyrir af þeim þremur sem eru komin langt á leið.

...

Fundur var haldinn með ferðapjónustuaðilum á svæðinu til þess að hanna/útbúa söluvæna ferðapakka sem hægt er að bjóða til sölu við þau tækifæri sem við á. Í haust verða þessar ferðir í boði í gegnum bókunarsíðu norræna verkefnisins Nordic Georutes <http://www.northerngeoroutes.com/>.

Ice Wear voru fengnir til að útbúa flíspeysur fyrir upplýsingamiðstöðvarnar og starfsfólk KGP ... það tók óhemju tíma og peysurnar voru fyrst að hitta sína eigendur fyrir 2 vikum.

Upplýsingabæklingur í þríbroti

Nýr og upp færður er í prentun hjá Odda.

LOCAL PRODUCT OF
KATLA GEOPARK
AFURÐIR ÚR KÖTLU JARÐVANIÐI

While visiting Katla Geopark, be sure to sample the wide variety of authentic locally produced products such as foodstuffs, cottage industry crafts and art. This growing industry continues to expand with new products being introduced into the market every year. Arctic char, barley flour, lamb meat, small batch production ice cream and other locally produced goods are all available at various local retail outlets within the Katla Geopark area.

Glass, stone and wool art, hand knitted items including many beautiful Icelandic sweaters, jewelry and more are available for sale primarily at the local village markets.

KATLA GEOPARK
DYNAMIC DESTINATION

ALL GEOPARKS ARE CHARACTERISED BY THE FOLLOWING MAIN PRIORITIES:

- To educate and create opportunities for environmental awareness, sustainable practices as well as to promote cooperation between the local population and the geosciences.
- To encourage local economic growth primarily through geotourism, and the development of small businesses and local cottage industries using area geoproducts.

Contact us:
info@katlageopark.is

Visit us at:
www.katlageopark.is

Tell your friends:
[facebook / katlageopark](https://www.facebook.com/katlageopark)

Geoparks GLOBAL GEOPARKS NETWORK

KATLA GEOPARK
DYNAMIC DESTINATION

www.katlageopark.is

WHAT IS A GEOPARK?

The Global Geopark Network was established in response to an increasing need for comprehensive protection, development and management of many of the world's most significant natural sites of geological, archaeological and esthetic value. The international network, endorsed by UNESCO, has now expanded to include 92 members in 28 countries around the globe.

ICELAND'S FIRST AND ONLY GEOPARK

In September 2011 Iceland gained membership to both the European Geoparks Network and the UNESCO-assisted Global Network of National Geoparks with the creation of Katla Geopark, Iceland's first and only existing geopark.

Katla Geopark encompasses an area of 9542 sq.km² spanning roughly 9% of the country, from Hvalsvellur on its western border, to Skeiðarársandur in the east. A corner of the mighty Vatnajökull Glacier forms the northernmost perimeter and long section of the south coast's black sand beaches form the park's southern rim. The main population centers include Hvalsvellur, the service center for the region, the charming village of Vík and the historic Kirkubæjarklaustur, with a combined population of 2700.

THE HILLS ARE ALIVE WITH THE SOUND OF FIRE AND ICE

It can be safely said that Katla Geopark is one of the most dynamic, diverse and geologically exciting regions of the world, ranging from landforms created millions of years ago to freshly minted lava that came with the eruption of Eyjafjallajökull in 2010. There is practically nowhere else on earth where fire and ice collide so dramatically, where the ebb and flow of the landscape is in such constant motion and all of this happening, as it were, in our own backyard. With over 150 volcanic eruptions recorded here since record keeping began in the 9th century, it is the most volcanically active area of Iceland.

NATURE - ACTIVITIES - LOCAL PRODUCTS - GEOLOGY - CULTURAL HERITAGE



KATLA GEOPARK



ICELAND



WHAT IS GEOHERITAGE AND GEODIVERSITY AND HOW IS THIS MANIFESTED IN ICELAND?

Geoheritage can be described as the intertwining of geology with culture-its effects on the history, culture, traditions and folklore of the local population. It refers to the cultural significance of the eruptions of Katla and Laki volcanoes, both of which had an enormous impact on life in Iceland, resulting in years of hardship and famine. The volcanic ash plume from the eruption of Laki caused the deaths of 1/5th of the population and was called the eruption that changed Iceland forever.

THE BEDROCK OF BIODIVERSITY STARTS WITH GEODIVERSITY

Geodiversity refers to the soil, rocks, minerals, landforms and various processes such as earthquakes, volcanoes that have shaped these elements over time. Mountains, caves, beaches, deserts, rivers, oceans and even the weather are all elements of geo-diversity. Geological diversity is in fact the foundation of life, giving support to the ecosystems as well as providing places to live, resources for industry, soils from which we grow our food, areas for recreation, places of healing, places of worship, learning and inspiration. We look to Katla geopark's magnificent geo diversity for inspiration, for peace, for healing, and as a way to refresh our souls, without which the world would be a dreary place to live indeed.

Umsókn í VSS

Unnin var umsókn fyrir Vaxtarsamning Suðurlands fyrir undirbúning að framtíðarrekstri jarðvangsins. Úr þeirri umsókn kom 1 milljón króna sem sótt var um til að hanna bókunarkerfi sem upplýsingamiðstöðvar svæðisins gætu notað til þess að selja ferðir í gegnum.

Markaðsáætlun

Verið er að vinna markaðsáætlun með markaðssérfræðingi í samræmi við IPA samninginn. Byrjað var á því að fara í vinnu með Íslandsstofu við að greina möguleikana með svokölluðu GrowthWheel og í framhaldinu var Þórunn K. Jónsdóttir hjá Mám fengin til að útbúa markaðsáætlun með okkur.

Meðal þess sem kemur fram eftir þessari greiningu á möguleikum KGP og hvernig hægt sé að gera verkefnið sem öflugast er eftirfarandi:

- Öflug vefsíða með greinargóðum upplýsingum og bókunarkerfi
 - Mjög markaðsmiðuð, auðveld og þægileg í notkun fyrir markhópin
 - Leitarvélabestuð
 - Tengingar við samfélagsmiðla
 - Blogg, bæði gott fyrir leitarvélabestun en þýðir einnig að gert er efni sem hægt er að deila á samfélagsmiðlana
- Uppsetning upplýsingamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, mögulega innan stærri upplýsingamiðstöðvar.
- Markviss notkun samfélagsmiðla til að byggja upp vitund, áhuga og veita upplýsingar

- Gera stefnu varðandi efnistöð og póstanir og fylgja eftir
- Facebook (stærsti miðillinn)
- Pinterest (öflugur upplifunarmiðill, markhópurinn til staðar, hægt að nota með Facebook til að auka virkni)
- Google+ fyrir leitarvélabestun
- Skoða notkun á YouTube (ef myndefni er til staðar) og Twitter (mikil vinna og þarf að skoða betur hvort markhópurinn er þar)
- Koma upp og halda utan um gott safn af gæða ljósmyndum af svæðinu sem nota á í markaðssetningu
- Skráning á Google Places, bæði fyrir upplýsingamiðstöðvarnarnar, en ekki síður að uppfræða þjónustuaðila á svæðinu um kosti þess og hvernig best er að skrá sig.
- Nota Google AdWords markvissst, meira fyrir leitarvélabestun en auglýsingagildi
- Markviss stefna og vinna við að fá fjölmiðlaumfjöllun, bæði “online” og “offline”
- Skráning á öllum viðeigandi vefsíðum, í viðeigandi miðlum o.s.frv. Fara þarf í rannsókn og gera greinargóðan lista.
- Bæta merkingar á svæðinu, upplýsingaskilti, nota efni úr viðkomandi héraði (“slow tourism”).
- Hafa kynningarefni á öllum helstu viðkomustöðum ferðamanna á Suðurlandi, öllum upplýsingamiðstöðvum og hótélum.
- Fara í átak til að koma logoinu á kynningarefni og afurðir sem framleiddar eru í jarðvanginum, til að auka sýnileika og “merkja” það sem kemur af svæðinu.
- Efla samskipti við erlendar ferðaskrifstofur og fræða þær um Kötlu Geopark.
- Merkja þá aðila sem eru starfandi innan Katla Geopark (sbr. t.d. TripAdvisor merkingar)
- Koma heimasíðunni með ítarlega leiðsögn og fróðleik um svæðið inn á app fyrir síma

... mikil vinna hefur farið í það að greina og máta viðskiptahugmyndir, sjá hvernig reksturinn geti sem best orðið sjálfbær, hvaða form sé best að hafa á jarðvanginum sem sjálfstæða einingu í framhaldinu sem gerir okkur kleift að vinna áfram að þessari markaðsáætlun. Ég hef unnið með sérfræðingum í veflausnum, forriturum og aðilum sem eru að þróa lausnir fyrir bókanasíður. Að mínu mati er mikilvægt að gera vefinn sjálfan sjálfbæran með sjálfvirku bókunarkerfi sem skapar tekjur fyrir jarðvanginn ásamt því að vera á sama tíma öflugt markaðstæki fyrir fyrirtækin á svæðinu.

Með þessari leið væri hvergi verið að stíga inn á verksemi fyrirtækjanna á svæðinu – ekki einu sinni þeirra sem eru með ferðaskrifstofuleyfi heldur myndum við aðeins vera að bæta sölu- og markaðsleið þeirra fyrirtækja. Kostnaður fyrirtækjanna væri lítill og aðallega fælist hann í þóknun af sölu. Með því að sveitarfélögin myndu fela Kötlujarðvangi rekstur upplýsingamiðstöðvanna væri hægt að nýta sama starfsfólkið bæði til upplýsingagjafar og sölu.

Eins og dæmin sýna þá eykst sala minjagripa í upplýsingamiðstöðvum ár frá ári. Gönguleiðakortin sem verið er að vinna munu vera einn liður í tekjuöflun jarðvangsins og í framhaldinu mætti framleiða ýmsar vörur til sölu innan upplýsingamiðstöðvanna/gestastofa.

Þessi hugmynd þarf að þróa áfram í góðri samvinnu við ferðaþjónustuaðila, sveitarstjórnirnar, upplýsingamiðstöðvarnarnar og tæknifólkið.

Kynningar og fundir

Hróður jarðvangsins fer víða og í júní var haft samband við okkur og við fengin til að taka á móti 7 fyrirmönnum frá Tyrklandi sem höfðu áhuga á að kynna sér uppbyggingu jarðvangs og hvernig mætti notfæra sér umsóknaraðildarpeninga eins og IPA.

KGP var fengin til að halda erindi á Alþjóðlegri vísindaráðstefnu um verndun eldfjallasvæða í tengslum við 50 ára afmæli Surtseyjar núna í ágúst.